



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Stofnun nýrra sérdeilda fyrir einhverfa nemendur á grunnskólastigi

Á 118. fundi skóla- og frístundaráðs þann 3. maí 2017 var lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. apríl 2017, tillögu um stofnun nýrra sérdeilda fyrir einhverfa nemendur á grunnskólastigi, greinargerð fylgir. Jafnframt lögð fram umsögn stjórnar foreldrafélags og fulltrúa foreldra og grenndarsamfélags í skólaráði Hamraskóla, dags. 12. apríl 2017, umsagnir tveggja fulltrúa í skólaráði Hamraskóla, dags. 3. maí 2017 og umsögn stjórnar foreldrafélags Fellaskóla, dags. 27. apríl 2017 og skólaráðs Fellaskóla, dags. 27. apríl 2017.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs lagði fram svohljóðandi tillögu:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að stofnuð verði ný sérdeild fyrir einhverfa nemendur á yngsta- og miðstigi grunnskóla. Deildin verði staðsett í Hamraskóla og taki til starfa 1. ágúst 2017. Í deildinni hefji þrír nemendur á yngsta og/eða miðstigi nám skólaárið 2017-2018 en nemendum fjölgi í 9 á næstu þremur til fjórum árum. Nemendur einhverfudeildar í Hamraskóla eigi forgang í einhverfudeild í Foldaskóla sem þjóni í framtíðinni einhverfum nemendum á unglingastigi.

Greinargerð fylgir.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs með fyrirvara um að upplýsingar um viðbótarfjárförf liggja fyrir við afgreiðslu borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs lagði fram svohljóðandi tillögu:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að sérdeild fyrir einhverfa nemendur í Fellaskóla verði tvískipt í yngra stig fyrir 9 nemendur í 1. – 7. bekk og í unglingastig fyrir 6 nemendur í 8.–10. bekk samtals 15 nemendur frá og með skólaárinu 2017-2018. Á skólaárinu 2017-2018 verði 11 nemendur í deildinni, 13 nemendur skólaárið 2018-2019 og 15 nemendur skólaárið 2019-2020.

Greinargerð fylgir.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs með fyrirvara um að upplýsingar um viðbótarfjárförf liggja fyrir við afgreiðslu borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Upplýsingar um viðbótarfjárförf verða sendar þegar þær liggja fyrir.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra, dags. 18. apríl 2017

Umsögn stjórnar foreldrafélags Hamraskóla og fulltrúar grenndarsamfélags
í skólaráði, dags. 12. apríl 2017

Umsögn stjórnar foreldrafélag Fellaskóla, dags. 27. apríl 2017

Umsögn skólaráðs Fellaskóla, dags. 27. apríl 2017

Umsagnir tveggja fulltrúa í skólaráði Hamraskóla, dags. 3. maí 2017



Bréf

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga að stofnun nýrrar sérdeildar fyrir einhverfa nemendur á grunnskólastigi

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að stofnuð verði ný sérdeild fyrir einhverfa nemendur á yngsta- og miðstigi grunnskóla. Deildin verði staðsett í Hamraskóla og taki til starfa 1. ágúst 2017. Í deildinni hefji þrír nemendur á yngsta og/eða miðstigi nám skólaárið 2017-2018 en nemendum fjölgi í 9 á næstu þremur til fjórum árum. Nemendur einhverfudeildar í Hamraskóla eigi forgang í einhverfudeild í Foldaskóla sem þjóni í framtíðinni einhverfum nemendum á unglingastigi

Greinargerð:

Umsóknir um skólavist í einhverfudeildum vegna skólaársins 2017-2018:

Umsóknir fyrir skólaárið 2017-2018 eru 14 talsins. Þar af eru 4 umsóknir vegna nemenda í 1. bekk, 2 vegna nemenda í 2.-4. bekk, 5 vegna nemenda á miðstigi og 3 vegna nemenda á unglingastigi. Laus pláss eru 2, í Fellaskóladeildinni. Að auki skapast svigrúm fyrir 2 pláss í viðbót í Fellaskóla með tvískiptingu deildarinnar í yngra stig og unglingastig. Alls eru því laus 4 pláss í deildunum fyrir næsta skólaár, öll í Fellaskóla.

Horfur á næstu árum:

Umsóknir um skólavist í einhverfudeildum síðustu 5 ár hafa verið á bilinu 12 – 16 á hverju ári. Vænta má svipaðs fjölda umsókna á komandi árum. Úr núverandi deildum munu útskrifast 4 nemendur vorið 2018, 3 nemendur vorið 2019, 2 nemendur vorið 2020 og 4 nemendur vorið 2021. Það má því gera ráð fyrir umtalsvert fleiri umsóknum á næstu árum en plássum sem losna.

Ný sérdeild:

Á síðustu vikum hefur fagskrifstofa grunnskólamála skoðað hvort og hvaða skólar borgarinnar hafa möguleika og áhuga á að hýsa nýja sérdeild fyrir einhverfa nemendur. Nokkrir skólar lýstu áhuga og hafa aðstæður verið skoðaðar í þeim skólum svo og spár um nemendafjölda í skólunum á næstu árum. Lögð var áhersla á að ný deild væri miðsvæðis í viðkomandi skóla og að fyrir hendi væru jákvæð viðhorf til að starfrækja slíka deild.

Þeir skólar sem lýstu áhuga voru:

- Ingunnarskóli sem hafði til þess lausa kennslustofu á lóð skólans. Ekki er mælt með slíkri deild í lausum kennslustofum.

Frá: Hólmfríður Gestsdóttir [<mailto:holmfridur.gestsdottir@gmail.com>]

Sent: miðvikudagur, 12. apríl 2017 17:36

Til: Anna Bergsdóttir <Anna.Bergsdottir@rvkskolar.is>

Efni: umsögn

Góðan dag.

Stjórn foreldrafélags Hamraskóla og fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags í skólaráði skólans hafa tekið fyrir beiðni Skóla- og frístundasviðs um að hýsa í Hamraskóla einhverfudeild sem tæki til starfa á haustönn 2017.

Þessir aðilar eru mjög jákvæðir gagnvart samstarfi við slíka deild. Þeir höfðu þó nokkrar spurningar um það hvernig yrði staðið að rekstri deildarinnar og hver tengingin yrði við skólasamfélag Hamraskóla. Því var óskað eftir fundi með skólastjóra þar sem yrði gerð nánari grein fyrir þessum atriðum. Á þeim fundi gáfu stjórnendur skólans svör eins og hægt var miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um deildina. Skv. þeim mun einhverfudeildin ekki verða til þess að framlög til sérkennslu eða þjónusta við börn með sérþarfir í skólanum breytist eða skerðist og nægt rými er til staðar fyrir starfsemi deildarinnar. Að svo stöddu sjáum við ekki aðra verulega annmarka sem líklegir yrðu til að verða á þessu samstarfi í skólanum. Því viljum við bjóða einhverfudeild velkomna í Hamraskóla og vonumst eftir farsælu samstarfi.

Með bestu kveðjum

Hólmfríður Gestsdóttir

Dýrleif Jónsdóttir

Fjóla Hauksdóttir

Bryngeir Arnar Bryngeirsson



Reykjavík 27. apríl 2017

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
Helgi Grímsson, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: umsögn stjórnar foreldrafélags Fellaskóla um erindi er varðar stækkun og tvískiptingu sérdeildar fyrir einhverfa nemendur.

Stjórn foreldrafélags Fellaskóla hefur tekið fyrir erindið vegna stækkunar og tvískiptingar sérdeildar fyrir einhverfa nemendur og gerir ekki athugasemdir við stækkun eða tvískiptingu deildarinnar.

F.h. stjórnar foreldrafélags Fellaskóla,

Sigríaug Hrund Svavarsdóttir, skólastjóri




Reykjavík 27. apríl 2017

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
Helgi Grímsson, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: umsögn skólaráðs Fellaskóla um erindi er varðar stækkun og tvískiptingu sérdeildar fyrir einhverfa nemendur.

Skólaráð Fellaskóla hefur tekið fyrir erindið vegna stækkunar stækkunar og tvískiptingar sérdeildar fyrir einhverfa nemendur og gerir ekki athugasemdir við stækkun eða tvískiptingu deildarinnar.

F.h. skólaráðs Fellaskóla,

Sigurlaug Hrunn Svavarsdóttir, skólastjóri



Frá: Erla Gunnarsdóttir
Sent: miðvikudagur, 3. maí 2017 10:15
Til: Anna Bergsdóttir <Anna.Bergsdottir@rvkskolar.is>
Efni: Varðandi stofnun einhverfudeildar.

Sæl Anna.

Varðandi stofnun einhverfudeildar í Hamraskóla.

Ég undirrituð Erla Gunnarsdóttir sit í skólaráði sem fulltrúi kennara, veiti með staðfestingu þessari samþykki mitt að stofnuð verði einhverfudeild í Hamraskóla.

Stofnun deildarinnar fagna ég þar sem skólasamfélagið okkar þekkir vel til og hefur reynslu af áralangri starfsemi einhverfudeildar sem var hér í skólanum allt þar til hún var flutt þegar unglingadeildin færðist yfr til Foldaskóla.

Góðar kveðjur
Erla Gunnarsdóttir

Frá: Rósa Emilía Óladóttir
Sent: miðvikudagur, 3. maí 2017 08:52
Til: Anna Bergsdóttir <Anna.Bergsdottir@rvkskolar.is>
Efni: Vegna skólaráðsfundar

Sæl Anna

Ég fulltrúi starfsmanna í Hamraskóla í skólaráði samþykki að það komi einhverfudeild í Hamraskóla.

Bestu kveðjur,

Rósa Emilía Óladóttir